



Bæjarráð Dalvíkurbyggðar  
Ráðhúsi Dalvíkur  
620 Dalvík

Reykjavík, 30. janúar. 2020

## Erindi: Barnvæn sveitarfélög - Innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna

Í kjölfar lögfestingar Barnasáttmálans á Íslandi, árið 2013, varð mikil aukning í eftirspurn eftir fræðsluefni og stuðningi við innleiðingu sáttmálans. Á það ekki síst við sveitarfélög og skólafnanir sem hafa kallað eftir aðstoð og stuðningi við að innleiða Barnasáttmálann í starfsemi sína. Til að svara þessari eftirspurn hóf UNICEF á Íslandi að þróa verkefni fyrir innleiðingu Barnasáttmálans innan sveitarfélaga – verkefnið *barnvæn sveitarfélög*. Verkefnið hefur til þessa verið innleitt í þremur sveitarfélögum en langir biðlistar hafa skapast. Með stuðningi Félags- og barnamálaráðherra mun nú öllum sveitarfélögum á landinu standa til boða að gerast barnvæn sveitarfélög á næstu árum.

### Barnvæn sveitarfélög

Barnvæn sveitarfélög ([www.barnvaensveitarfelog.is](http://www.barnvaensveitarfelog.is)) er líkan sem styður við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna inn í stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga. Hugmyndafræðin byggir á alþjóðlegu verkefni UNICEF, Child Friendly Cities, sem hefur verið innleitt í hundruðum sveitarfélaga út um allan heim frá 1996. Að sveitarfélag innleiði Barnasáttmálann þýðir að það samþykki að nota sáttmálann sem viðmið í sínu starfi og að forsendur sáttmálans gangi sem rauður þráður gegnum starfsemi þess. Sáttmálinn er þannig nýttur sem gæðastjórnunarverkfæri í stefnumótun og þjónustu með tilliti til barna. Innleiðingarferlið skiptist í átta skref sem stigin eru með stuðningi og ráðgjöf starfsmanna UNICEF, en sveitarfélög sem ljúka ferlinu og standast úttekt hljóta viðurkenningu sem barnvæn sveitarfélög.

### Samstarf Félagsmálaráðuneytis og UNICEF við innleiðingu verkefnisins

Akureyri hóf innleiðingu verkefnisins árið 2016, fyrst sveitarfélaga á Íslandi við góðan orðstýr. Í kjölfarið fylgdu Kópavogur (2018) og Hafnarfjörður (2019). Áhugi á þátttöku í verkefninu hefur verið mikill og biðlistar myndast, þar sem UNICEF hefur hingað til ekki getað annað eftirspurn áhugasamra sveitarfélaga.

Þann 18. nóvember 2019, í tilefni að 30 ára afmæli Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna, undirrituðu Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, og Bergsteinn Jónsson framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi samning um samstarf við félagsmálaráðuneytið við innleiðingu verkefnisins undir formerkjunum *barnvænt Ísland*. Markmið samstarfsins er að tryggja aðgengi allra sveitarfélaga að stuðningi við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna. Fyrstu skref samstarfsins felast í því að á árunum 2020 – 2021 munu allt að 18 ný sveitarfélög geta hafið þátttöku í verkefninu.

Þau sveitarfélög sem taka þátt munu hafa forgang að uppsetningu mælaborðs sem hefur að geyma safn mælinga úr rannsóknum á velferð og stöðu barna og ungmenna innan sveitarfélagsins, mælingarnar eru 80 talsins. En á næstu misserum er stefnt að því að mælaborðið verði einnig aðgengilegt öllum sveitarfélögum á landinu. Frekari upplýsingar um [aðferðafræði við gerð mælaborðsins má finna hér](#).

Mælaborðið var þróað af Kópavogsbæ í samstarfi við Félagsmálaráðuneytið og UNICEF á Íslandi, en það hlaut nýlega alþjóðlega viðurkenningu UNICEF *Child Friendly Cities Initiative Inspire Awards* fyrir



framúrskarandi lausn og nýsköpun í nærumhverfi barna. Verðlaunin voru veitt á ráðstefnu í Köln sem haldin var haustið 2019.

### **Auglýst eftir umsóknum áhugasamra sveitarfélaga**

Opnað hefur verið fyrir umsóknir og er áhugasöm sveitarfélögum um allt land hvött til að kynna sér verkefnið og skrá sig til leiks. Verkefnisstjóri barnvæns Íslands, Hjördís Eva Þórðardóttir ([hjordis.thordardottir@frn.is](mailto:hjordis.thordardottir@frn.is)) og verkefnastjóri barnvænna sveitarfélaga, Marín Rós Eyjólfsdóttir ([marin@unicef.is](mailto:marin@unicef.is)) veita gjarnan allar nauðsynlegar upplýsingar um verkefnið en einnig bendum við á heimasíðu verkefnisins ([www.barnvaensveitarfelog.is](http://www.barnvaensveitarfelog.is)).

Virðingarfyllt,

*Ásmundur Einar Daðason*

Ásmundur Einar Daðason  
Félags- og barnamálaráðherra

*Bergsteinn Jónsson*

Bergsteinn Jónsson  
Framkvæmdarstjóri UNICEF á Íslandi